

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 28/2002**

**frá 19. apríl 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/96 frá 26. mars 1996<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/14/EB frá 8. maí 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða hávaðamengun í umhverfinu af völdum búnaðar til nota utanhúss<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun 2000/14/EB fellir úr gildi, frá 3. janúar 2002, tilskipanir ráðsins 79/113/EBE<sup>(3)</sup>, 84/532/EBE<sup>(4)</sup>, 84/533/EBE<sup>(5)</sup>, 84/534/EBE<sup>(6)</sup>, 84/535/EBE<sup>(7)</sup>, 84/536/EBE<sup>(8)</sup>, 84/537/EBE<sup>(9)</sup>, 84/538/EBE<sup>(10)</sup> og 86/662/EBE<sup>(11)</sup> sem eru hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á II. viðauka við samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 124, 23.5.1996, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 23, 23.5.1996, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 162, 3.7.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 33, 8.2.1979, bls. 15.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 111.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 123.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 130.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 142.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 149.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 156.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 171.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB L 384, 31.12.1986, bls. 1.

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 10. lið (tilskipun ráðsins 86/662/EBE) í VI. kafla:

„10a. **32000 L 0014:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/14/EB frá 8. maí 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða hávaðamengun í umhverfinu af völdum búnaðar til nota utanhúss (Stjtið. EB L 162, 3.7.2000, bls 1).“

2. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 79/113/EBE), 2. liðar (tilskipun ráðsins 84/532/EBE), 3. liðar (tilskipun ráðsins 84/533/EBE), 4. liðar (tilskipun ráðsins 84/534/EBE), 5. liðar (tilskipun ráðsins 84/535/EBE), 6. liðar (tilskipun ráðsins 84/536/EBE), 7. liðar (tilskipun ráðsins 84/537/EBE) og 10. liðar (tilskipun ráðsins 86/662/EBE) í VI. kafla falli niður.

3. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 84/538/EBE) í VII. kafla falli niður.

*2. gr.*

Texti tilskipunar 2000/14/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*P.K. Mannes M. Brinkmann*